

Móttakandi: Bæjarráð Garðabæjar
Varðandi: Leikskóla Garðabæjar
Nr. erindis 2307119
Dags.: 7. nóvember 2023
Málefni: Tillaga um betra starfsumhverfi leikskóla í Garðabæ

Inngangur

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 er leikskólinn fyrsta skólastigið í skólakerfinu og er fyrir börn undir skólaskyldu. Leikskóli annast að ósk foreldra uppeldi, umönnun og menntun barna á leikskólaaldri. Þar er jafnframt tekið fram að velferð og hagur barna eigi að vera hafður að leiðarljósi í öllu starfi leikskólans.

Menntastefna Garðabæjar var samþykkt bæjarstjórn árið 2022. Eitt af markmiðum þeirrar stefnu er að starfsumhverfi skóla í Garðabæ sé eftirsóknarvert. Í Garðabæ eru leikskólar opnir allt árið sem gefur barnafjölskyldum sveigjanleika við skipulag á sumarorlofi. Í Garðabæ er foreldrum gefinn kostur á velja leikskóla fyrir börn sín svo fremi sem að leikskólarymi er til staðar.

Leikskólastarf á Íslandi stendur á tímamótum og mikilvægt er að skoða starfsumhverfi skólans, sérstaklega það sem snýr að velferð barna og mannauði.

Garðabær er eitt að sveitarfélögum landsins sem er þátttakandi í innleiðingu Barnvæns samfélags sem hefur það að markmiði að uppfylla Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna fyrir sveitarfélagið. Því fylgja skuldbindingar um að í starfsemi bæjarins eigi að nota Barnasáttmálann sem viðmið og að forsendur sáttmálans gangi sem rauður þráður gegnum starfsemi þess. Hugmyndafræði verkefnisins byggir meðal annars á grunnþáttum eins og þekking á réttindum barna, það sem barninu er fyrir bestu, jafnræði og barnvænni nálgun.

Í starfsumhverfi leikskóla undanfarin misseri hafa ýmis atriði í kjarasamningum haft áhrif eins og t.d. ákvæði aukinn orlofsrétt, styttingu vinnuvikunnar og fjölgun á undirbúnings-tímum.

Í leikskólum er veikindatíðni starfsfólks há og er mikilvægt að brugðist verði við með aðgerðum til greina nánar ástæður þess. Hluti að því að draga úr álagi á starfsfólk er að vera með virk úrræði til að styrkja starfsmannahópinn og að álag valdi ekki veikindum.

Aðsókn í nám í leikskólakennarafræðum hefur ekki náð að anna eftirspurn eftir kennurum á leikskólastigi þó að vissulega hafi aðsókn aukist á síðustu tveimur árum. Frá hausti hefur ekki tekist að fullmanna í nokkrum leikskólum sem hefur haft í för með sér tímabundna skerta þjónustu.

Fjölbreyttar námsleiðir eru í boði þegar kemur að námi í leikskólafræðum. Garðabær hefur lagt sig fram við að greiða götu starfsfólks í leikskólum til náms.

Aukin gæði í leikskólastarfi

Leikskólar í Garðabæ státa sig af háu hlutfalli fagfólks og markmið Garðabæjar er að starfsumhverfið sé eftirsóknarvert. Mikilvægt er að bæta starfsumhverfið enn frekar og laða að fleiri kennara og starfsfólk með menntun og reynslu.

Það hefur verið áskorun að ráða starfsfólk þetta haustið og ekki hefur tekist að fullmanna alla leikskóla. Tillögur um bætt starfsumhverfi eru mikilvægar því ef haldið verður áfram án aðgerða mun þjónusta leikskóla skerðast enn frekar og faliðunarreglan verður algengari með tilheyrandi raski fyrir fjölskyldur.

Á síðastliðnum árum hefur verið unnið að ýmsum breytingu í skipulagi og starfsumhverfi leikskóla eru tillögurnar viðbót við þá vinnu.

Í leikskólum Garðabæjar eru **greidd viðbótarlaun** til stjórnenda. Leikskólastjórar fá tíu tíma í yfirvinnu, aðstoðarleikskólastjórar fá sex tíma og deildarstjórar þrjá tíma.

Þróunarsjóður leikskóla fær úthlutar fjármagni til verkefna sem stuðla að framþróun og öfluglu innra starfi leikskóla í Garðabæ og unnin eru af fagmenntuðu fólki í skólunum. Árið 2023 voru níu milljónir til úthlutunar.

Stoðþjónusta í leikskólum Garðabæjar er öflug og í hverjum leikskóla eru stöðugildi ætluð til snemmtæktrar íhlutunar (0,25% á hverja deild í leikskóla), sérkennslustjórar (0,25% á hverja deild í leikskóla) auk starfsfólks sem vinnur í stoðþjónustu leikskóla (þjálfun og stuðningur).

Í leikskólum Garðabæjar er **stytting vinnuvikunnar** komin til framkvæmda, mismikil eftir skólum allt frá klukkustund á viku og upp í rúmlega tvær. Í viðhorfskönnun starfsfólks frá júní sl. kom eftirfarandi fram:

- 64,2% svarenda telja að innleiðing vinnustyttingar hafi gengið mjög vel eða vel en um 9% svareði því til að það hafi gengið illa/mjög illa.
- Tæplega helmingur svarenda taldi að dagleg og vikulega stytting væri ákjósanlegust. Um 19% taldi að blanda af vikulegri styttingu og söfnun á ákveðna daga væri besta leiðin og 27% taldi að einungis söfnun á ákveðna daga hentaði best.
- Umræða um neikvæð áhrif þess á vinnustaðamenningu að kaffitímar verði ekki lengur til staðar við styttingu kom fram bæði í viðhorfskönnun og innan vinnuhópsins.
- Yfirgnæfandi meirihluti svarenda taldi að sameiginleg útfærsla á styttingu vinnutíma væri samræmd á starfsstöðvum.

Árið 2022 samþykkti bæjarstjórn Garðabæjar að **fækka yngstu börnunum á hvert stöðugildi** á ungbarnadeildum/skólum. Sérstaklega er gætt að því að koma á móts við þarfir yngstu barnanna, **bætt er inn hálfu stöðugildi þegar hópar fara yfir 10 börn.**

Afslættir af leikskólagjöldum hafa verið **tekjutengdir** frá árinu 2022 þannig að þeir sem falla undir viðmiðunarmörk geta sótt um 40% afslátt af leikskólagjöldum.

Í júní 2022 samþykkti bæjarstjórn Garðabæjar fyrirkomulag biðlistagreiðslna. Foreldrar getað sótt um **biðlistagreiðslur** fyrir börn frá 12 mánaða aldri þar til viðkomandi barn kemst inn í leikskóla. Stefnt er að öll börn sem orðin eru 12 mánaða þann 1. ágúst ár hvert eigi kost á hefja leikskólagöngu.

Í mars 2023 samþykkti bæjarstjórn Garðabæjar að **fella niður leikskólagjöld milli jóla- og nýárs og í dymbilviku** ef börn eru í frí á þeim tíma.

Í júlí 2023 samþykkti bæjarráð Garðabæjar að heimila starfsfólki í leikskólum að sækja **fagnám í leikskólafræðum** með stuðningi bæjarins sem meðal annars felst í styrkjum og heimild til að sækja nám á launum. Það bætist við aðrar heimildir til náms í leikskólafræðum sem Garðabær hefur staðið að um árabil. Gert er ráð fyrir að mæta samþykktum námsleyfum innan fjárhagsáætlunar leikskóla.

Í **reiknilíkani leikskóla fyrir fjárhagsáætlun** er meðal annars gert ráð fyrir kostnaði til að mæta afleysingum vegna aukins orlofs og undirbúningstíma.

Ferill við gerð tillagna

Skipaður var vinnuhópur á vormánuðum sem samanstóð af stjórnendum í leikskólum, leikskólafulltrúa og sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs. Sá hópur fundaði á vormánuðum og lagði fram drög að tillögum í maí. Til að fá fram viðhorfum starfsfólks í leikskólum var lögð fyrir könnun í júní. Niðurstöður þeirra könnunar mótuðu einnig meðfylgjandi tillögur.

Tillögurnar fóru til umfjöllunar hjá leikskólanefnd í september og október og fundaði nefndin alls 5 sinnum um þær. Í þeirri nefnd eiga allir hagaðilar sína fulltrúa, kjörnir nefndarmenn frá meiri- og minnihluta, foreldrar, stjórnendur leikskóla og starfsfólk leikskóla.

Tillögurnar voru kynntar fyrir fulltrúum frá foreldraráðum og starfsfólki leikskóla. Í kjölfarið var skilað inn umsögnum til leikskólanefndar frá hverjum leikskóla fyrir sig, annars vegar frá foreldrum og hins vegar starfsfólki.

Á fundi leikskólanefndar þann 18. október 2023 voru meðfylgjandi tillögur samþykktar af öllum nefndarmönnum og vísað til afgreiðslu bæjarráðs.

Á fundi bæjarráðs 24. október 2023 fór fram kynning á tillögum frá sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs. Bæjaráð vísaði tillögum til fræðslu- og menningarsviðs til nánari útfærslu á fjárhagslegum þáttum og til afgreiðslu á fundi bæjarráðs þann 7. nóvember 2023.

Tillögur

Markmið tillagna er að bæta enn frekar skipulag og starfsumhverfi leikskóla í Garðabæ þannig að tryggja megi stöðugleika í leikskólastarfinu, farsæld barna og vellíðan starfsfólks.

Tillögum er skipt upp í tvo aðgerðarfasa sem ná yfir árið 2024.

Betra starfsumhverfi leikskóla

Aðgerðaráætlun 1 – vorönn 2024, frá byrjun janúar

- 1. Leikskólar í Garðabæ verði opnir á mánudegi til fimmtudags frá 07.30-16.30 en á föstudögum frá 07.30 – 16.00.**
- 2. Í leikskólum í Garðabæ verði boðið upp á sveigjanlegan vistunartíma barna, að lágmarki 20 tímar og að hámarki 40 tímar á viku.**

Stytting vinnuvikunnar er stór þáttur í því að bæta lífskjör og gera vinnumarkaðinn á Íslandi fjölskylduvænni. Mikilvægt er að fjölskylduvænar umbætur skili sér til barna með styttri dvalartíma í leikskóla. Daglegur og árlegur dvalartími barna í leikskólum á Íslandi er með því lengsta sem þekktist í heiminum og hefur aukist jafnt og þétt síðustu árin (Skýrsla starfshóps um styrkingu leikskólastigsins, 2021).

Garðabær er barnvænt samfélag og mikilvægt er að styðja við lengri samverustundir fjölskyldunnar með því að stytta dvalartíma barna á leikskólum. Með styttri dvalartíma gefst einnig tækifæri til að fullstytta vinnuviku starfsfólks leikskólum og bæta lífskjör með auknum frítíma. Í viðhorfskönnun sem lögð var fyrir starfsfólk leikskóla Garðabæjar kom fram að full stytting vinnuvikunnar hefði jákvæð áhrif á starfsumhverfi leikskóla.

Leikskólar í Garðabæ eru opnir frá 07.30 til 17.00 en með tillögunni fer opnunartími leikskóla frá 47,5 tímum niður í 44 tíma á viku. Í COVID var opnunartími stytur til 16.30 og í nokkrum leikskólum í dag eru engin börn skráð frá 16.30-17.00.

Á föstudögum verði opið frá 7.30 til 16.00 en foreldrar verða að skrá börn sín sérstaklega ef nýta á dvalartíma á milli 14.00 og 16.00.

Leikskólar fá í úthlutunarlíkani ákveðinn fjölda stöðugilda sem miðast við fjölda barna og lengd vistunar. Dagvinna starfsfólks með fulla styttingu vinnuvikunnar er 36 stundir fyrir hvert stöðugildi eða að meðaltali 7,2 vinnustundir á dag.

Með breyttum opnunartíma leikskóla og styttri dvalartíma barna þá verður minni dreifing á starfsfólki yfir daginn sem auðveldar vinnutímaskipulag fyrir stjórnendur eins og að koma til móts við styttingu vinnuviku og/eða skipulag á undirbúningstímum. Stytting á opnunartíma leikskóla mun bæta þjónustu við flest börn sem dvelja í leikskólum þar sem mönnun verður auðveldari og minni líkur eru á að grípa verði til faliðunarreglu sem skerðir þjónustu leikskóla.

Til að auka farsæld barna er mikilvægt að stytta dvalartíma barna á leikskólum en samhliða að auka sveigjanleika foreldra um val á vistunartíma barna.

Samantekt á meðaldvalartíma barna í leikskólum Garðabæjar frá febrúar til maí 2023 leiðir í ljós að 57% barna er með greiddan dvalartíma í 8 tíma eða skemur, 39% með skráðan 8,5 tíma og tæplega 4% með 9/9,5 tíma. Í skoðun á nýtingu á skráðum dvalartíma miðað við skráðan rauntíma eru vísbendingar um að börn dvelja töluvert skemur á leikskólanum en keyptur dvalartími sagði til um.

Með því að bjóða upp á sveigjanlegan vistunartíma innan opnunartíma leikskóla gefst foreldrum tækifæri til að skipuleggja mismanga daga innan vikunnar í samræmi við vinnu sína og þarfir fjölskyldunnar. Hægt er að velja frá 20 tímum og upp í allt að 40 tíma á viku. Breytingar á vistunartíma þarf að skrá fyrir 20. hvers mánaðar eins og verið hefur. Hafa verður í huga að þegar sótt er um aukinn vistunartíma frá síðustu skráningu er það háð samþykki leikskólastjóra vegna mönnunar á leikskólanum

Útfærsla á sveigjanlegum vistunartíma:

Skoðaður verður sá möguleiki innan skráningarkerfis að hafa mismunandi skráningu á vistunartíma á milli vikna þannig að hver vika yrði endurtekin tvisvar innan sama mánaðar.

Dæmi:

- a) 120 tímar á mánuði– meðaltal 30 tímar á viku
 - a. Vika 1 – 20 tímar
 - b. Vika 2 – 40 tímar
 - c. Vika 3 – 20 tímar
 - d. Vika 4 – 40 tímar

- b) 152 tímar – meðaltal 38 tímar á viku
 - a. Vika 1 - 36 tímar
 - b. Vika 2 – 40 tímar
 - c. Vika 1 - 36 tímar
 - d. Vika 2 – 40 tímar

Með þessari tillögu er leitast við að bæta þjónustu við foreldra og aðlaga vistunartíma að þörfum fjölskyldunnar.

Kostnaður: Þessi breyting leiðir til þess að dvalartími barna á leikskólum styttist yfir vikuna og skerðing yrði á leikskólagjöldum samkvæmt því. Til að mæta styttingu vinnuvikunnar til fulls innan leikskóla án breytinga á opnunartíma þarf að bæta við kostnaði vegna aukinna stöðugilda við hvern leikskóla, um 12-14 stöðugildi á heildina. Nú þegar er sú staða að það er áskorun að ráða í þau stöðugildi sem þegar eru til staðar í leikskólum.

3. Í leikskólum í Garðabæ verði boðið upp á aukinn sveigjanleika fyrir foreldra og börn með því að taka fleiri vikur í frí á ársgrundvelli

Samkvæmt reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009 er kveðið á um að börn fái að minnsta kosti fjórar vikur í samfelldum sumarleyfi. Á vinnumarkaði hefur orlofstími verið aukinn þannig að margir foreldrar eiga nú rétt á sex vikna orlofi sem áður voru fimm vikur. Mikilvægt er að hagsmunir barna fylgi í takt við aukið orlof foreldra. Fjölskyldur fara saman í frí á öllum tímum ársins og því er það fjölskylduvænt að auka sveigjanleika á vistunartíma barna í leikskóla með möguleikum á auknu fríi.

Auk þeirra fjögurra vikna sem taka skal yfir sumarmánuðina (júní – ágúst) bætast við tvær valfrjálssar vikur (5-10 dagar) sem hægt er að taka á hvaða tíma sem er á árinu. Skráning fyrir þær vikur verður að eiga sér stað með minnst 8 vikna fyrirvara til að skipuleggja vinnutíma starfsfólks í leikskólum. Líkt og í sumarleyfisvikum verða leikskólagjöld felld niður þessar 1-2 vikur. Með þessari ráðstöfun skapast meiri sveigjanleiki við að mæta auknu orlofi starfsfólks leikskóla sem nú er 30 dagar.

Kostnaður: Þessi breyting gæti leitt til þess að dvalartími barna á leikskólum styttist yfir árið og skerðingu á leikskólagjöldum samkvæmt því. Með fleiri frídögum barna er auðveldara að mæta orlofi starfsfólks án þess að til komi afleysing.

4. Leikskólar í Garðabæ verði lokaðir á föstudegi fyrir dymbilvikuna og í dymbilvikunni

5. Leikskólagjöld í leikskólum í Garðabæ falli niður í vetrarfrí og milli jóla- og nýárs ef börn eru ekki skráð í vistun

Í gegnum tíðina hefur þörf foreldra fyrir leikskólavistun um jól- og áramót sem og páska verið minni en á öðrum tímum ársins. Sama má segja um þá daga í febrúar sem vetrarfrí grunnskóla er skipulagt (fjórir dagar). Á fundi bæjarráðs sem haldinn var 16. mars 2023 var samþykkt heimild til að fella niður leikskólagjöld milli jóla- og nýárs og í dymbilviku ef börn eru í fríi.

Nú er lagt til að leikskólar loki á föstudegi fyrir dymbilviku og í dymbilvikunni sjálfri (alls 4 dagar). Auk þess verði heimilt að fella niður leikskólagjöld í vetrarfríi (4 dagar) ef börn eru í fríi.

Með lokun í fjóra daga í kringum páskafrí gefst tækifæri til að skipuleggja styttingu/orlof fyrir starfsfólk auk þess sem starfsfólk fær 11 daga samfelld frí sem stuðlar að bættri líðan og dregur úr álagi.

Með því að fella niður leikskólagjöld er kominn hvati til þess að börn verði í fríi milli jóla- og nýárs og í vetrarfríi. Leikskólastjórum gefst samhliða tækifæri til að skipuleggja orlofsdaga og/eða styttingu vinnuvikunnar fyrir starfsfólk.

Leikskólar í Garðabæ eru opnir allt sumarið og því falla orlofsdagar starfsfólks ekki allir inn á sumartímamann. Með þessum tillögum er hægt að búa þannig um hnútana að starfsemi leikskólans greiði fyrir orlofi á öðrum tímum ársins.

Um jólafrí og vetrarfrí gilda eftirfarandi skráningareglur:

- a. Skrá þarf börn sérstaklega í leikskólann á þessum tímabilum með minnst 8 vikna fyrirvara. Ef skráningar hafa ekki verið gerðar fyrir þann tíma er gert ráð fyrir að viðkomandi barn verði í fríi.
- b. Ef 8 börn eða færri eru skráð í leikskólann mun skólinn loka og skólastjórnendur láta foreldra vita um þá ráðstöfun með minnst 6 vikna fyrirvara.
- c. Á þessum tímabilum verður leikskólastarf með breyttu sniði.

Kostnaður: Þessi breyting leiðir til þess að dvalartími barna á leikskóla styttest yfir árið og skerðingu á leikskólagjöldum samkvæmt því. Með fleiri frídögum barna er auðveldara að mæta orlofi starfsfólks án þess að til komi afleysing.

6. Skipulagsdögum í leikskólum í Garðabæ verði fjölgað frá fjórum í fimm

Í lögum um leikskóla eru ekki skilgreindir fjöldi skipulagsdaga líkt og í lögum um grunnskóla. Skipulagsdagar í leikskólum eru fjórir og lagt er til að fjölga þeim í fimm í samræmi við fjölda í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Með fjölgun skipulagsdaga er verið að gefa enn frekari svigrúm til þróunar á innra mati, gerð starfsáætlana og skólanámskráa. Skipulagsdagar grunnskóla innan starfstíma hans eru fimm og átta utan starfstíma (í ágúst og júní). Allir skipulagsdagar leikskóla eru á sama tíma og skipulagsdagar í grunnskólum og svo verður áfram. Með einum skipulagsdegi til viðbótar í leikskólum er jafnframt dregið úr skipulagsfundum utan vinnutíma.

Kostnaður: Ekki þarf að bæta við í fjárhagsáætlun leikskóla en kostnaður vegna yfirvinnu sem greidd hefur verið vegna funda sem haldnir hafa verið eftir vinnutíma verður mun minni.

7. Í leikskólum í Garðabæ verði starfsfólki í leikskólum með lögheimili í Garðabæ boðinn forgangur að ákveðnum fjölda leikskólaplássa

Reglur um forgang í leikskólum verða endurskoðaðar og inn í þær bætt ákvæði um forgang fyrir börn starfsfólks sem vinna í leikskólum Garðabæjar. Slíkt getur laðað að starfsfólk til starfa í leikskólum.

Skilyrði fyrir leikskólaplássi er að viðkomandi sé ráðinn að minnsta kosti til árs og ráðningarhlutfall þarf að vera 70-100%.

Kostnaður: Enginn en dregur úr afleysingabörf.

8. Í leikskólum Garðabæjar verði starfsfólk leikskóla með lögheimili í Garðabæ boðinn afsláttur af leikskólagjöldum

Starfsfólki leikskóla með lögheimili í Garðabæ og er í fullu starfi verði boðinn 40% afsláttur af leikskólagjöldum fyrir börn sín. Afsláttur af leikskólagjöldum er hvati fyrir fólk til að starfa í heimabyggð og gæti aukið stöðugleikann við mönnum leikskóla.

Kostnaður: Þessi breyting leiðir til skerðingar á leikskólagjöldum. Um 60% af um 300 starfsmönnum leikskóla eru með lögheimili í Garðabæ en greina þarf fjölda barna starfsfólks á leikskólum.

9. Í leikskólum í Garðabæ verði hverri deild tryggður sami undirbúningstími

Í kjarasamningi Félags leikskólakennara kemur fram að undirbúningstími deildarstjóra með leyfisbréf sem leikskólakennari eigi að vera að lágmarki tíu tímar á viku miðað við fullt starf. Lágmarksundirbúningur annarra háskólamenntaðra starfsmanna sem sinna deildarstjórn eru fimm tímar. Ef deildarstjóri er í öðru stéttarfélagi til dæmis Starfsmannafélagi Garðabæjar er ekki kveðið á um undirbúningstíma. Til að tryggja jafnræði barna á öllum deildum leikskóla er mikilvægt að hver deild hafi 10 tíma til undirbúnings óháð kjarasamningum þar sem deildarstjóri ber ábyrgð á starfi deildar/teymis. Mikilvægt er að stjórnendur skipuleggi starfsemi deilda þannig að sé þess kostur þá verði jafnræðis gætt og fagmenntaður deildarstjóri verði á öllum deildum skólans. Verkefni innan undirbúningstíma eru meðal annar viðtalstímar og teymisfundir með foreldrum og sérfræðingum, undirbúningur starfs með börnum og starf deilda, kynnisferðir og fræðsla til starfsfólks um kennsluáðferðir.

Kostnaður: Um er að ræða örfáa leikskóla þar sem allflestir deildarstjórar eru leikskólakennarar.

10. Í leikskólum í Garðabæ verði eflað fræðsla og endurmenntun fyrir starfsfólk

Í Menntastefnu Garðabæjar kemur fram að efla skuli símenntun og starfsþróun. Starfsþróunar- og símenntunaráætlun þarf að vera til staðar í hverjum leikskóla og heildstætt fyrir alla leikskóla Garðabæjar. Í áætluninni eiga meðal annars að koma fram aðgerðir sem stuðla að eftirfarandi:

- a. Að starfsfólk geti sótt sér fræðslu um grunngildi leikskólastarfs í fjarkennslu - Nýliðafræðsla
 - a. Gerð verða fræðslumyndbönd sem aðgengileg verða fyrir starfsfólk leikskóla.
- b. Að starfsfólk hafi aðgengi að ýmsum fagnámskeiðum og fræðslu um leikskólastarf.
- c. Að starfsfólk leikskóla sem ekki hafa íslensku að móðurmáli fái tækifæri til að efla sig í atvinnutengdri íslensku á starfsstað.
 - a. Boðið verður upp á starfstengda íslenskukennslu fyrir starfsfólk í samstarfi við sérfræðinga á því sviði.
- d. Að allt starfsfólk leikskóla hafi tækifæri til að sækja sér fræðslu og ráðgjöf um fjölmennningar samfélag.
 - a. Boðið verði upp á fræðslu á skipulagsdögum í öllum leikskólum.
- e. Að setja upp verkfærakistu fyrir leikskólastarf í Garðabæ.

- a. Sett verður upp verkfærakista þar sem hægt verður sækja ýmis verkefni og kennsluleiðbeiningar.

Endurskoða þarf verkferla við móttöku á nýju starfsfólki og tryggja að fræðsla sé aðgengileg í formi vefnámskeiða. Með sameiginlegum gagnabanka um nýliðafræðslu er boðið upp á sömu fræðslu fyrir alla. Námskeið og fræðsla um grunnildi leikskólastarfs eykur gæði starfsins og starfsþróun.

Það er auður falinn í starfsfólki með íslensku sem annað tungumál og mikilvægt er að efla íslenskufærni þess í leikskólaumhverfinu.

Í miðlægri verkfærakistu er starfsfólki auðveldað aðgengi að verkefnum og hugmyndum sem nýtast í leikskólastarfi.

Kostnaður: Leggja þarf fram kostnaðaráætlun við hvern framkvæmdaþátt og þegar er hægt að hefja framkvæmd við allflesta þætti. Unnið í samstarfi við mannauðs- og kjaradeild.

11. Í leikskólum í Garðabæ verði sett upp heildstæð áætlun til að takast á við mikla fjarveru og kostnað vegna veikinda starfsfólks

Veikindatíðni í leikskólum er há miðað við á öðrum starfsstöðum og hefur farið vaxandi á síðustu árum. Fjarvera starfsfólks veldur álagi á starfshópinn og eykur líkur á hraðari starfsmannaveltu. Fyrstu 9 mánuði ársins voru veikindafjarvistir að meðaltali 10% af vinnutíma starfsfólks í leikskólum Garðabæjar. Það er því mikilvægt að draga úr kostnaði vegna fjarveru og afleysinga.

Í viðhorfskönnun sem lögð var fyrir starfsfólk leikskóla var leitað eftir hugmyndum um hvernig draga megi úr fjarveru og efla leikskóla sem heilsueflandi vinnustaði. Þar komu fram ýmsar hugmyndir sem taka þarf inn í áætlunina:

- a. Að efla þarf stjórnendur til að takast á við veikindafjarvistir eins og að efla stuðning við notkun á Bradford- kvarða.
- b. Að leikskólar í Garðabæ verði heilsueflandi vinnustaðir.
- c. Að bjóða upp á markvissa fræðslu um vinnustaðamenningu og áhrif hennar á starfsumhverfi.
- d. Að efla markvissa fræðslu og stuðning við nýtt starfsfólk.

Framkvæmd og útfærsla verði unnin í samstarfi leikskólafulltrúa, mannauðsstjóra, leikskólastjóra og starfsfólks leikskóla. Getur verið útfært samræmt á öllum vinnustöðum sveitarfélagsins.

Aðgerðaráætlun 2 – Haustönn 2024

Þessar tillögur fela í sér þörf á frekari rýni og kostnaðargreiningu. Þegar greining á kostnaði vegna mönnunar og mögulega endurbóta á húsnæði liggur fyrir verður þeim tillögum vísað til fjárhagsáætlunar 2025.

12. Í leikskólum í Garðabæ verði skilgreind fleiri starfsheiti

Eins og staða leikskólans er í dag eru ekki nægjanlega margir leikskólakennarar við störf á landsvísu til að ráða í allar stöður innan leikskóla. Samkvæmt lögum um leikskóla er heimilt að ráða annað starfsfólk til að sinna uppeldi og kennslu í allt að 25% stöðugilda. Í Garðabæ er lögð áhersla á að ráða leikskólakennara en mikilvægt er að auka fjölbreytileika starfshópsins og gæði starfsins. Menntun á sviði uppeldis, lista eða tólmstunda er góð viðbót við starfshópa í leikskólum. Veita þarf heimild til að ráða fjölbreyttari starfsheiti inn á leikskólana og ákvarða laun í samræmi við starfsheiti og menntun innan viðkomandi stéttarfélags.

Kostnaður: Með tillögunni er stefnt að aukningu á háskólamenntuðu starfsfólki innan leikskólanna. Þau stöðugildi kosta meira en almennra starfsmanna en eru að öllu jöfnu á svipuðum kjörum og sambærilegir hópa innan Félags leikskólakennara.

Framkvæmd og útfærsla verður unnin samstarfi við mannauðs- og kjaradeild Garðabæjar

13. Í skóla- og frístundastarfi í Garðabæ verði eitt samræmt starfsheiti fyrir starfsfólk í leikskóla, grunnskóla og á frístundaheimilum

Almennt starfsfólk leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila sinna kennslu, uppeldi og umönnun barna. Í dag eru mismunandi starfsheiti fyrir starfsfólk innan þessara þriggja starfseininga og mismunandi launaröðun eftir starfsheitum. Mikilvægt er að starfsfólk í Garðabæ geti farið á milli skólastiga og frístundaheimila og haldið sömu kjörum. Vinna þarf greiningargögn þar sem meðal annars er skoðað hvaða starfsheiti eru innan þessara þriggja starfseininga og útbúa starfslýsingu fyrir eitt sameiginlegt starfsheiti fyrir leikskóla, grunnskóla og frístundaheimili. Slíkt starfsheiti gæti mögulega verið skóla- og frístundaleiðbeinandi.

Kostnaður: Greina þarf kostnað við núverandi starfsheiti skólum og frístund miðað við fjölda stöðugilda og í framhaldi að áætla kostnað við nýtt starfsheiti. Framkvæmd og útfærsla verður unnin í samstarfi við mannauðs- og kjaradeild

14. Í leikskólum í Garðabæ verður viðmiðunum um grunnmönnun breytt

Með nýrri reglugerð um starfsumhverfi leikskóla féllu úr gildi ákvæði í eldri reglugerð um viðmið varðandi fjölda barna á hvern starfsmann

Samkvæmt rannsóknum er einn helsti streituvaldur starfsfólks of mörg börn í hópum. Líklegt er að aðgerðir til að fækka fjölda barna á hvern starfsmann dragi úr líkum á álagi leikskólastarfsfólks. Slíkt eykur vellíðan og starfsánægju sem dregur úr starfsmannaveltu. Í viðhorfskönnun sem lögð var fyrir

starfsfólk leikskóla Garðabæjar kom fram að einn liður í því að bæta starfsumhverfi og draga úr fjarveru er að auka stöðugildi vegna barnafjölda innan leikskólans.

Í Garðabæ eru höfð til hliðsjónar neðangreind viðmið þegar reiknuð eru út fjöldi stöðugilda miðað við fjölda barna á leikskóla. Í yngstu árgöngunum eru einungis fjögur börn á hvert stöðugildi auk þess sem hálf stöðugildi bætist við á deild ef börn eru fleiri en tíu í hóp. Lagt er til að fækka börnum á hvert stöðugildi í tveimur elstu árgöngunum:

- 5 ára – eitt stöðugildi fyrir tíu börn – Tillaga: átta börn fyrir hvert stöðugildi
- 4 ára – eitt stöðugildi fyrir átta börn – Tillaga: sjö börn fyrir hvert stöðugildi
- 3 ára – eitt stöðugildi fyrir sex börn
- 2 ára – eitt stöðugildi fyrir fjögur börn – hálf stöðugildi fyrir 10 börn eða fleiri á deild
- 1 árs – eitt stöðugildi fyrir fjögur börn - hálf stöðugildi fyrir 10 börn eða fleiri á deild.

Með þessari breytingu er viðmiðin í eldri hópum orðin í samræmi við önnur sveitarfélög en fjöldi barna á hvern starfsmann er með lágsta mótí í yngstu aldurshópunum miðað við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Við framkvæmd þessarar tillögu þarf samhliða að skoða fjölda fermetra í leikrými, starfsmannaáðstöðu og annað rými í leikskólum (sjá tillögu 15).

Kostnaður: Fjölga þarf stöðugildum sem nemur fækkun barna á hvert stöðugildi í tveimur elstu árgöngunum. Í elsta tveimur árgöngunum eru tæplega 600 hundruð börn. Áætlað er að fjölga þurfi um 12-14 stöðugildi á heildina.

15. Í leikskólum í Garðabæ verði skoðað starfsumhverfi leikskóla hvað varðar fjölda fermetra í leikrými barna inni og úti, aðstöðu starfsfólks og önnur rými.


Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 þarf húsnæði leikskóla að taka mið af þörfum barna og þeirrar starfsemi sem þar er. Allur aðbúnaður á að vera með þeim hætti að hann tryggi öryggi og vellíðan barna og starfsfólks eins og húsbúnaður, hljóðvist, lýsing og loftræsting.

Við ákvörðun fjölda barna í leikskóla skal meðal annars tekið tillit til aldursdreifingar barna og stoðþjónustu, lengd dvalartíma, stærðar leik- og kennslurýmis og samsetningar starfsmannahóps.

Endurreikna þarf stærð rýma innan og utan leikskóla eins og leikrýma, starfsmannarýma og annarra rýma út frá gildandi lögum og reglugerðum eins og lögum um leikskóla nr. 90/2009, reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009, lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980, byggingarreglugerð nr. 112/2012 og aðalnámskrá leikskóla.

Gjaldskrá leikskóla

Samhliða tillögum um betra starfsumhverfi í leikskólum Garðabæjar er lögð fram tillaga að breyttu fyrirkomulagi á gjaldskrá fyrir leikskóla. Í nýrri gjaldskrá verður 38 tíma leikskólavistun á viku sama upphæð og í gildandi gjaldskrá. Gjaldskráin hækkar fyrir næstu tvo tímuna (39 og 40) en og lækkar frá 37 tímum og er undir núverandi gjaldskrá. Áfram gildir systkinaafsláttur.



Tímar á viku	Eldri gjaldskrá	Ný gjaldskrá
30	28.380	22.652
31	29.326	23.407
32	30.272	24.162
33	31.218	24.917
34	32.164	25.672
35	33.110	26.427
36	34.056	27.182
37	35.002	31.259
38	35.948	35.948
39	36.894	41.340
40	37.840	47.541

Tekjutengdur afsláttur af leikskólagjöldum

Samhliða tillögum um betra starfsumhverfi í leikskólum Garðabæjar er lögð fram tillaga að um breytingu á viðmiðunarmörkum tekna þegar sótt er um tekjutengdan afslátt af leikskólagjöldum. Lagt er til að viðmiðunartekjur verði annars vegar fyrir einstaklinga/forsjáraðila og hins vegar fyrir sambúðarfólk. Afslátturinn verði miðaður við heildartekjur heimilis þar sem meðaltekjur einstaklings eru allt að 800.000 á mánuði en sambúðarfólks 980.000 kr. á mánuði var áður 865.469 kr. fyrir báða hópa. Afslátturinn verður áfram sem nemur 40% af almennu leikskólagjaldi.

Innleiðing tillagna

Tillögur verða kynntar hagaðilum þegar þær liggja fyrir. Fylgja þarf framkvæmd þeirra eftir með könnunum og framlagningu á tölfræði sem metur árangur.

Breytingar geta haft mismunandi áhrif á stöðu fjölskyldna og mun fræðslu- og menningarsviðs í samstarfi við leikskólastjóra og félagsþjónustu fylgjast sérstaklega með stöðu ákveðinna hópa.

Virðingarfyllt

Linda Udengård
Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs